

Veðurstofan vill vekja sérstaka athygli á eftirfarandi:

## **Viðvörðun**

Búist er við stormi (meðalvindi yfir 20 m/s) á landinu síðdegis á morgun og ofsaveðri (meðalvindi yfir 28 m/s) við Örfæfajökul, Mýrdalsjökul, Eyjafjöll og í Vestmannaeyjum.

### **Nánar um útlitið:**


Það er hæglætisveður á landinu í dag, en á morgun syrtir í álinn, þegar djúp lægð (niður undir 940 mb) nálgast landið úr suðri.

Búist er við ofsaveðri (meðalvindur yfir 28 m/s) síðdegis á morgun með S-ströndinni. Hviður geta farið yfir 50 m/s við Örfæfajökul og undir Eyjafjöllum. Úrkoma á þessum slóðum byrjar sem snjókoma, en færir sig yfir í slyddu með tilheyrandi krapa á vegum. Það verður því ekkert ferðaveður með S-ströndinni síðdegis á morgun. Versta veðrið verður syðst, en það hvessir einnig annars staðar á landinu og undir kvöld verður víða orðið norðaustan hvassviðri eða stormur (15-23 m/s) með skafrenningi og síðar snjókomu þegar úrkomubakkinn færir sig norður yfir landið.

Athygli er einnig vakin á því að á laugardaginn er útlit fyrir norðan storm með stórhrið á N-verðu landinu, en S-lands verða stöku él og skafrenningur. Austfirðir gætu sloppið framan af laugardegi í mun hægari vindi, en síðdegis á laugardag hvessir einnig þar með ofankomu. Að lokum er útlit fyrir að lægi mikið á sunnudag og létti til, en þá má búast við talsverðu frosti.

Myndatexti: spá fyrir vind kl. 17 föstudaginn 4. desember. Rauðir og gulbrúnir litir tákna hættulegasta vindinn. Vindaspá þessi er reiknuð af Veðurstofu Íslands með Harmonie veðurlíkaninu. Spáin uppfærir fjórum sinnum á sólarhring og má alltaf sjá nýjustu kortin á slóðinni:

<http://www.vedur.is/vedur/spar/thattaspar/#teg=vindur>



Veðurstofunni, fim. 3. desember 2015 kl. 11:50

Vakthafandi veðurfræðingar:

Teitur Arason

Elín Björk Jónasdóttir